

Samfélagsnefnd með sveitarstjórn

Fundur nr. 40 Dags. 15.06.2022



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

Fundarstaður: Végarður, 15:00

Á fundinn mættu;

f.h. íbúa í Samfélagsnefnd: Þórhallur Jóhannsson formaður. Gunnar Gunnarsson boðaði forföll sem og Steingrímur Karlsson.

f.h. sveitarstjórnar: Jóhann F. Þórhallsson oddviti, Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir og sveitarstjóri Helgi Gíslason. Kjartan Benediktsson boðaði forföll sem og Urður Gunnarsdóttir. Lárus Heiðarsson mætti þegar fundur var byrjaður en mistök voru gerð þegar fundarboð voru endursend á varamenn, sem birtust honum sem hætt hefði verið við fundinn. Baðst verkefnastjóri afsökunar á þeim mistökum.

f.h. Austurbrúar í samfélagsnefnd: Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Signý Ormarsdóttir boðaði forföll sem og Jóna Árný Þórðardóttir varamaður.

Dagskrá:

1. Kynning á Fögur framtíð í Fljótsdal
2. Staða og framtíð verkefnisins
3. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Hann fór lauslega yfir aðdraganda samfélagsverkefnisins og hvernig það fór af stað með aðkomu Austurbrúar og Sigurborgar Hannesdóttur frá Ildi í Grundarfirði.

1. Kynning á Fögur framtíð í Fljótsdal

Verkefnastjóri fór yfir þróun samfélagsverkefnisins frá fyrsta samfélagsþingi til dagsins í dag. Einnig var farið lauslega yfir Samfélagssjóð Fljótsdals og samninginn milli Fljótsdalshrepps og Austurbrúar. Verkefnastjóri skilaði einnig góðri kveðju frá Signý Ormarsdóttur sem gat ekki verið með á fundinum.

Í lok kynningar kastaði hún fram nokkrum vangaveltum og spurningum, sjá glæru:

...Hugleiðingar...

Hvernig hefur tekist til?
Jákvætt / Neikvætt

Er áhugi fyrir því að halda áfram með samfélagsverkefnið?
- Hvaða leiðir eru færar

Með hvaða hætti er hægt að tryggja umsýslu Samfélagssjóðsins frá áramótum til 2026?

Er rétt að endurskoða nefndir eða skipa nýjar nefndir til að fylgja málum eftir?
- Viðburðir, atvinnumál, umhverfismál, samfélags...

Mikilvægi samfélagsþinga

Annað.....

Er æskilegt að auka starfshlutfall innan sveitarfélagsins vegna aukinna umsvifa og skilgreina verksvið, semja við aðra um afmörkuð verkefni eða framlengja samningi við Austurbrú?

2. Staða og framtíð verkefnisins

Oddviti og formaður samfélagsnefndar leiddu umræður um stöðu og framtíð verkefnisins. Umræður.

Niðurstaða fundarins:

- Almenn ánægja er með samfélagsverkefnið og vilji til að halda því áfram með einum eða öðrum hætti.
- Fram undan eru stór verkefni á vegum sveitarfélagsins og auknar kröfur af hálfu ríkisins gerðar til sveitarfélaga þannig að ljóst er að verkefnið kalla á meira en eitt stöðugildi við sveitarfélagið.
- Góð þátttaka hefur verið í samfélagsþingum og góður hópur fylgt eftir framtíðarsýn og verkefnum, m.a. með stuðning Samfélagssjóðs Fljótsdals og þeim sjóðum sem Fljótsdalshreppur hefur yfir að ráða.
- Sveitarstjórn hefur það heimaverkefni fram að næsta sveitarstjórnarfundum að rýna í fyrirkomulag nefnda og skipan nefnda á vegum sveitarfélagsins, m.a. út frá framlagðri tillögu frá sveitarstjóra. Upplýsingar frá þessum fundum nýtast inn í þær hugleiðingar.
- Sveitarstjórn stefnir á að taka ákvörðun um fyrirkomulag samfélagsverkefnisins á næsta fundi sveitastjórnar í byrjun júlí.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd eða tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 17:20

ÁHBj ritaði